


**SUNNLENDINGUR VIKUNNAR**

# Vill vita hvers vegna strákar eru skapstyggir

**Nafn:** Magdalena Katrín Sveinsdóttir.

**Fædd, hvar og hvenær:** 13. maí 1994 á Selfossi en flutti fjögurra ára í Vík í Mýrdal.

**Foreldrar:** Inger Schiöth, starfsmaður hjá Mýrdalshreppi og Sveinn Þórðarson húsassmíðameistari.

**Systkini:** Breki Þór, 8 ára, Nikulás Snær, 13 ára, og Patrekur, 4 ára.

**Hjúskaparstaða:** Ég á engann kærasta.

**Heimili:** Suðurvíkurvegur 8, Vík í Mýrdal.

**Menntun:** Ég er í 9. bekk í Grunnskóla Mýrdalshrepps. Langar mjög að verða læknir í framtíðinni.

**Atvinna:** Engin en ég var að vinna í Kjarval í Vík í sumar.

**Áhugamál:** Íþróttir, söngur og tónlist.

**Hvenær byrjaðir þú að syngja:** Mamma segir að ég hafi nánast byrjað áður en ég lærði að tala. Var líka að æfa á gítar og píanó.

**Hvernig var að taka þátt í söngkeppninni:** Stressandi en samt æðislegt. Ég elska að syngja fyrir framan fullt af fólki.

**Upphaldsmatur:** Grjónagrautur.

**Upphaldsdrykkur:** Vatn og eplasafi.

**Upphaldsbíómynd:** Mamma Mía! og Grease.

**Upphaldsbók:** Þriðja táknið eftir Yrsu Sigurðardóttur.

**Upphaldsstaður:** Danmörk og Siglufjörður.

**Upphaldstónlistarmaður:** Chris Brown.

**Hvað finnst þér að mætti betur fara í landinu:** Efnahagsástandið. Fólk á mínum aldri talaði mikið um kreppuna í byrjun. Samt bitnar hún lítið á svona litlu þorpi eins og Vík, held ég.

**Hvað kemur þér í gott skap:** Lagið *Cry for you* með hljómsveitinni September.

**Hvað fer í taugarnar á þér:** Ókurteisi. Sérstaklega ókurteisi í garð afgreiðslufólks líkt og ég upplifði þegar ég vann í Kjarval.

**Ertu hjátrúarfull:** Nei, ekki neitt.

**Helstu kostir:** Ég er frekar „flippuð“ og á auðvelt með að koma fólki í gott skap.

**Helstu gallar:** Ég get orðið fúl frekar snögglega.

**Mesta prakkaratrik:** Þegar ég sleit upp blóm í nágrennagarðinum og gaf mömmu. Það komst aldrei upp ...fyrir en núna.

**Ef þú mættir vera einhver annar í einn dag:** Þá myndi ég prófa að vera einhver strákur á mínum aldri. Mig langar að vita hvernig þeir hugsa og af hverju þeir eru oft svona skapstyggir eins og bekkjabræður mínir.

**Hvað gerðirðu við peninginn frá frúnni í Hamborg:** Keypti rauðan sportbíl.

**Hvað hræðistu:** Skordýr, sérstaklega kóngulær og snáka.

**Besta lykt sem að þú veist um:** Lyktin af nýslegnu grasi.

**Hvert myndirðu ferðast með tímavél:** Ég færi aftur á diskótímann. Langar að prófa að fara á alvöru diskótek.

**Bestu kaup sem þú hefur gert:** Þegar ég keypti iPodinn minn í Fríhöfninni. Er eiginlega alltaf með hann á mér.

**Lífsmottó:** Lifðu lífinu lifandi.



Magdalena Katrín Sveinsdóttir lenti í öðru sæti í söngkeppni félagsmiðstöðva Suðurkjörðæmis en María Ólafsdóttir frá Mosfellsbæ sigraði. Í þriðja sæti voru Krístrún Steingrimsdóttir og Júlíus Már Grétarsson frá félagsmiðstöðinni á Hellu. Magdalena keppti fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Oz í Vík í Mýrdal með laginu *Zombie* eftir The Cranberries. Með laginu vann hún sér þátttökurétt í söngkeppni SAMFÉS.